

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## H.B Grandi á Vopnafirði Vopnafjörður



<b>Dags eftirlits</b>	18.9.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	H.B Grandi á Vopnafirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Heimili</b>	Hafnarbyggð 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	5411850389	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jörgen Sverrisson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	691171,367 590414,525

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti og snýr það að seinum skilum á upplýsingum um útstreymisbókhald. Skila á upplýsingunum fyrir 1. maí ár hvert. Engar athugasemdir voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins, Jörgen Sverrissyni. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Athugasemd var gerð við það í síðasta eftirliti að yfirlýsingu vegna útstreymisbókhald var skilað of seint. Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í því eftirliti.

Ekki hafa borist kvartanir vegna starfsseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Það sem af er ári hafði verksmiðjan tekið á móti u.þ.b. 60.000 tonnum af hráefni. Engar breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni eða tækjabúnaði hennar að undanförunu en stöðugt er unnið nauðsynlegum lagfæringum og almennu viðhaldi.

Farið var yfir starfsleyfi verksmiðjunnar sem var gefið út í október 2014 og samkvæmt því er verksmiðjunni heimilt að vinna úr 1.150 tonnum af hráefni á sólarhring. Farið var yfir eftirlitsmælingar sem gerð er krafa um í grein 3.2. TVN er mælt reglulega og niðurstöður sendar eftirlitsaðila. Ekki hefur komið til þess að TVN mælist yfir starfsleyfismörkum frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Sýni voru tekin af fráveituvatni á kolmunnavertið í maí sl. niðurstöður koma fram í skýrslu frá verkfræðistofunni Verkís og þar kemur fram að losun mengandi efna í frárennsli frá hreinsibúnaði mældist innan þeirra marka sem koma fram í grein 2.17.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2016 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3, skv. sömu grein átti fyrirtækið að skila útstreymisbókhaldi vegna ársins 2016 fyrir 1. maí sl. en það var ekki gert. Yfirlýsing þar sem fram kemur að magn mengandi efna sé undir þeim kröfum sem fram koma í viðauka við reglugerð um útstreymisbókhald var ekki skilað fyrir 1. maí sl. eins og tilskilið er og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin eftirfylgni verður þó vegna þessa þar sem yfirlýsingin var send stofnuninni sama dag og eftirlitið fór fram.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Vinnsla á makríl stóð yfir og er hráefni dælt frá frystihúsi HB Granda sem staðsett er við hlið verksmiðjunnar. Hreinsivirki var skoðað sem og lóð og umhverfi. Snyrtilegt var um að litast og ekki ástæða til athugasemda.

#### Frávik frá

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi.

#### Lýsing á fráviki

Stöðu rekstraraðila gagnvart útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí sl. eins og tilskilið er og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin eftirfylgni verður þó vegna þessa þar sem yfirlýsing rekstraraðila um að magn mengandi efna sé undir þeim kröfum sem gerðar eru til skila á útstreymisbókhaldi var send stofnuninni sama dag og eftirlitið fór fram.

### ATHUGASEMDIR


Engar athugasemdir voru gerðar.

17.11.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Gottskálk Friðgeirsson